



Sveitarfélagið Vogar

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023 – 2026

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Gunnar Axel Axelsson

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR 190 Vogar

## Efnisyfirlit

Traustur grunnur í ört vaxandi Sveitarfélagi.....	2
Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023 .....	2
Almennt um gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga .....	3
Markmiðasetning .....	3
Vinnuferli fjárhagsáætlunar .....	4
Forsendur fjárhagsáætlunar .....	5
Ytri forsendur fjárhagsáætlunar 2023 .....	5
Innri forsendur fjárhagsáætlunar 2023 .....	6
Umfjöllun um málaflokka og deildir .....	10
01 Skatttekjur .....	10
02 Félagsþjónusta .....	10
04 Fræðslu- og uppeldismál .....	14
05 Menningarmál .....	15
06 Æskulýðs- og íþróttamál .....	16
07 Brunamál og almannavarnir.....	18
08 Hreinlætismál .....	18
09 Skipulags- og byggingarmál.....	19
10 Umferðar- og samgöngumál .....	19
11 Umhverfismál .....	20
13 Atvinnumál .....	21
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	21
21 Sameiginlegur kostnaður.....	21
22 Lífeyrisskuldbinding .....	22
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	22
31 Eignasjóður .....	23
41 Hafnarsjóður.....	24
43 Vatnsveita .....	24
61 Fráveita .....	25
Fjögurra ára áætlun 2023 – 2026.....	26
Lokaorð .....	29

## Traustur grunnur í ört vaxandi Sveitarfélagi

Mikil og jákvæð uppbygging á sér stað í Sveitarfélaginu Vogum og er fyrir séð að íbúum muni fjölga ört á næstu misserum og árum. Síðustu þrjú ár hafa hinsvegar verið erfið í rekstri Sveitarfélagsins og miðað við útkomuspá fyrir árið 2022 stefnir í að uppsafnaður halli síðustu þriggja ára að viðbættri áætlaðri neikvæðri rekstrarniðurstöðu líðandi árs muni nema yfir 580 milljónum króna. Eitt af meginverkefnum nýrrar bæjarstjórnar felst í því að treysta rekstrargrundvöll Sveitarfélagsins og búa það undir að geta staðið undir þeirri uppbyggingu sem framundan er.

Á árinu 2021 var ráðist í ítarlega úttekt á rekstri Sveitarfélagsins. Í kjölfarið var ráðist í markvissar aðhaldsaðgerðir sem hafa skilað mælanlegum árangri. Samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2022 hefur framlegðarhlutfall batnað talsvert á milli ára og útlit fyrir að reksturinn muni skila áætluðu veltufé frá rekstri á árinu. Á sama tíma hafa almenn rekstrarskilyrði sveitarfélaga versnað til muna og horfur sömuleiðis. Þrátt fyrir bætta framlegð stefnir í að halli á rekstri Sveitarfélagsins verði umtalsvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2022 eða um 126 m.kr, sem skýrist að hluta af aukinni verðbólgu.

Til að tryggja að Sveitarfélagið geti staðið undir nauðsynlegri uppbyggingu, mætt nýjum áskorunum og verkefnum en jafnframt tryggt góða þjónustu til framtíðar, gerir fjárhagsáætlun næsta árs ráð fyrir almennri hagræðingu í öllum málaflokkum. Við útfærslu hagræðingaraðgerða er lögð áhersla á að standa vörð um grunnþjónustuna, hægja á eða takmarka nýráðningar eins og kostur er, bæta nýtingu húsnæðis og auka hagkvæmni í öllum innkaupum.

Á næsta ári verður lögð áhersla á að ljúka við nauðsynlegar fráveituframkvæmdir í Sveitarfélaginu sem er mikilvægt skref í því ferli að tryggja hægt sé að mæta fjárfingum íbúa. Áfram verður unnið að undirbúningi annarra mikilvægra innviðaverkefna, svo sem undirbúning að uppbyggingu á sviði skóla- og íþróttamála, lagningu göngu- og hjólréiðastíga, gatnagerð í Keilisholti, deiliskipulagningu ofan Dalahverfis og endurnýjun á búnaði til götulýsingar. Þá verður unnið áfram í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að undirbúningi að opnun heilsugæslusels í Vogum en áætlað er að það taki til starfa á nýju ári.

Sveitarfélagið Vogar lækkar heildarálagningu fasteignagjalda á árinu 2023 og kemur þannig til móts við hækkun fasteignamats í Sveitarfélaginu og leggur sitt af mörkum til að vinna gegn verðbólgu. Almennar gjaldskrár munu fylgja verðlagsþróun og er lögð áhersla á að þær séu í eðlilegu samræmi við kostnað við veitingu þjónustunnar og gjalddöku annarra sveitarfélaga fyrir sambærilega þjónustu.

### Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023

- Rekstrarniðurstöða A- og B-hluta verði neikvæð um 38,4 milljónir króna eða 2,2% af tekjum.
- Rekstrarniðurstöða A-hluta verði neikvæð um 47,7 milljónir króna eða 2,7% af tekjum.
- Skuldir og skuldbindingar verði 101,5% af tekjum í árslok 2023.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta verði 129 milljónir króna eða 7,2 % af heildartekjum.
- Launahlutfall verði 50,4% (56,6% árið 2022).
- Útsvarsprósenta verði óbreytt, eða 14,52%.
- Heildarálagning fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði lækkar úr 1,140% í 1,095%.
- Almenn er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun, þ.e. að þjónustugjöld haldist óbreytt að raungildi á milli ára (8,2%).
- Áætlaðar fjárfestingar nemi 103,5 milljónum króna á árinu 2023.

## Almennt um gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir Sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál Sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta. Skv. 63 gr. sveitarstjórnarlaga skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir Sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til.

Fjárhagsáætlun á að gefa glögga mynd af rekstri Sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir Sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana Sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins

Tillaga skal lögð fram að fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. nóvember hvert ár. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili.

Áður en tillaga er lögð fram þarf að fara fram ítarleg og nákvæm greining á fjárhag Sveitarfélagsins, samanburður við fyrri áætlun, mat á helstu forsendum, greining á úgjaldþörf einstakra málaflokka. Launaáætlun er unnin samhliða fjárhagsáætlunarvinnunni. Hún tekur mið af öllum stöðugildum sem samþykkt eru hjá Sveitarfélaginu, gildandi kjarasamningum, umsömdum starfskjörum, sem og öllu öðru er viðkemur launaáætluninni.

## Markmiðasetning

Við gerð fjárhagsáætlana er óhjákvæmilegt að setja í samhengi bæði fjárhagsleg og ófjárhagsleg markmið. Ófjárhagsleg markmið geta verið af ýmsum toga en að jafnaði snúast markmið sveitarfélaga fyrst og fremst um það að veita borgurunum sem besta þjónustu. Í því samhengi er vert að hafa í huga að sum verkefni sveitarfélaga eru lögbundin, þ.e. sveitarfélögum er skylt lögum samkvæmt að sinna þeim en önnur teljast valkvæð.

Geta sveitarfélags til að ná ófjárhagslegum markmiðum ræðst öllu jöfnu að verulegu leyti af fjárhagslegum forsendum, þ.e. því að fjármálin séu sjálfbær. Með öðrum orðum þarf reksturinn að skila nægjanlegum tekjum svo þær standi undir rekstrargjöldum, nauðsynlegri fjárfestingu og viðhaldi eigna. Þetta markmið er í reynd lögbundið, þ.e. skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Til að ná markmiðum laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri skulu sveitarstjórnir tryggja að:

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla).
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum (skuldaregla).

Vegna Kórónuveirufaraldursins samþykkti Alþingi að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið, eða til ársins 2025. Sveitarfélög verða engu að síður að gæta aðhalds í sínum fjármálum og horfa til þess að fjármálareglurnar taka gildi á ný 2026. Þá þurfa þau einnig að hafa hliðsjón af ákvæðum samkomulags ríkis og sveitarfélaga um að stöðva hækkun skulda eftir árið 2026. Þegar fjármálareglurnar taka gildi

árið 2026 mun jafnvægisreglan taka til rekstrarniðurstöðu áráanna 2024, 2025 og áætlunar 2026. Skuldareglan tekur mið af skuldum og skuldbindingum í lok árs 2026.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2023-2026 er m.a. byggt á áætlunum um fjölgun íbúa á milli ára. Í því tilliti er tekið mið af byggingu nýrra íbúða í Sveitarfélaginu og spá um fjölda þeirra. Mikilvægt er að endurskoða slíkar forsendur reglulega enda hafa þær margþætt áhrif, bæði á rekstur, þ.e. áætlaðar tekjur og rekstrargjöld en einnig á fjárfestingaþörf. Þó svo að áfram verði unnið hörðum höndum að því að tryggja að áætlunir um uppbyggingu, bæði atvinnuuppbyggingu og íbúafjölgun nái fram að ganga er mikilvægt að áætlunir um sjálfbæran rekstur standi ekki og falli með slíkum forsendum sem að verulegu leyti stjórnað af ytri aðstæðum.

Áfram verður unnið á grundvelli eftirfarandi markmiðasetningar sem samþykkt var í kjölfar úttektar á rekstri Sveitarfélagsins og lögð var til grundvallar fjárhagsáætlun þeirri sem bæjarstjórn samþykkti í desember 2021:

- Að Sveitarfélagið uppfylli á hverjum tíma viðmið fjármálareglna sveitarfélaga um skuldir og rekstrarjafnvægi
- Að samstæða sveitarsjóðs hafi burði til að fjárfesta í innviðum fyrir að minnsta kosti 300 m.kr. árlega
- Áhersla verði á að fjárfesta í verkefnum sem stuðla að fjölgun íbúa og atvinnutækifærum, en auka ekki verulega rekstrarkostnað
- Að frá og með árinu 2022 skili samstæðureikningur Sveitarfélagsins árlega rekstrarafgangi
- Að frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 10% af rekstrartekjum
- Að frá og með árinu 2025 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 15% af rekstrartekjum.
- Að launakostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum lækki úr 68,8% af tekjum A-hluta árið 2020 í 55% árið 2025.

Þó ljóst megi telja að markmið um að rekstur samstæðu skili afgangi frá og með árinu 2022 nái ekki fram að ganga eru skýr merki um bata í rekstri Sveitarfélagsins, launakostnaður sem hlutfall af tekjum hefur farið lækandi og framlegð batnað.

## Vinnuferli fjárhagsáætlunar

Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar hófst í lok sumars þegar drög að verkáætlun voru lögð fyrir bæjarráð í lok ágúst. Vinnuferlið hefur einkennst talsvert af þeim breytingum sem hafa orðið síðastliðna mánuði í yfirstjórn en bæjarstjórnarskipti áttu sér stað í byrjun september og hefur upprunaleg vinnuáætlun tekið nokkrum breytingum frá þeim upphaflegu drögum sem samþykkt voru í bæjarráði. Vinnufundur var haldinn með forstöðumönnum þann 26. október og hefur bæjarráð í tvígang haldið sérstaka vinnufundi til undirbúnings að gerð fjárhagsáætlunar. Drög að fjárhagsáætlun voru lögð fram í bæjarstjórn þann 30. nóvember og vísað til síðari umræðu. Síðari vinnufundur bæjarráðs var haldinn 3. desember. Þann 7. desember fjallaði bæjarráð um drög að áætlun og samþykkti að vísa henni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

## Forsendur fjárhagsáætlunar

Forsendum fjárhagsáætlana sveitarfélaga má skipta í tvo meginflokk, ytri og innri forsendur. Til ytri forsendna flokkast þær sem eiga við um öll sveitarfélög, óháð stærð, aðstæðum og staðsetningu. Til mikilvægustu ytri forsendna teljast almennar efnahgsforsendur, þ.e. staða, þróun og horfur í þjóðarbúskapnum. Innri forsendur eru staðbundnar og taka mið af aðstæðum í hverju sveitarfélagi. Við gerð fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Voga er leitast við að byggja á bestu fánlegu upplýsingum um hvort tveggja ytri og innri forsendur.

### Ytri forsendur fjárhagsáætlunar 2023

Í reglugerð um bókahald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga segir í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skulu sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Þann 11. nóvember sl. birti Hagstofan nýja þjóðhagsspá. Í henni kemur m.a. fram að verðbólguhorfur hafa versnað og er reiknað með að verðbólgan verði 8,2% að meðaltali í ár. Á næsta ári er útlit fyrir hóflega hjöðnun verðbólgu og er því spáð að vísitala neysluverðs hækki um 5,6% á næsta ári að meðaltali. Reiknað er með að verðbólga hjaðni árið 2024 og verði 3,5% að meðaltali en nálgist verðbólguþröun Seðlabanka Íslands eftir það.

Skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 11. nóvember sl. er gert ráð fyrir eftirfarandi þróun hagstærða næstu árin.

Breyting frá fyrra ári,%	2022	2023	2024	2025	2026
Einkaneysla	7,6	1,7	2,2	2,6	2,6
Samneysla	1,5	0,9	1,3	0,8	0,7
Fjármunamyndun	5,8	1,8	3,7	2,0	2,2
Útflutningur vöru og þjónustu	19,1	3,7	3,6	3,2	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	16,9	3,2	3,2	2,1	2,3
Verg landsframleiðsla	6,2	1,8	2,5	2,5	2,4
Vísitala neysluverðs	8,2	5,6	3,5	2,6	2,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,8	3,9	4,0	4,0	4,0
Kaupmáttur launa	-0,4	0,3	0,7	1,5	1,7

Talsverð óvissa ríkir varðandi þróun ytri aðstæðna og framvindu efnahgs- og kjaramála á næstu misserum og árum og er óvissan talsvert meiri en verið hefur síðustu ár. Óvissa um efnahgsþróun innanlands snýr meðal annars að verðbólguþróun, kjarasamningum og þróun íbúðaverðs. Verðbólga er nú meiri en þekkt hefur um langt skeið, bæði hér á landi og á heimsvísu og vaxtastig farið hækkandi.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir og flestir kjarasamningar opinberra starfsmanna losna 1. mars 2023. Samningar við kennarafélögin gilda hinsvegar til 1. september 2023. Horfur eru á að landsframleiðsla á mann verði nægilega mikil í ár til þess að virkja hagvaxtarákvæði í kjarasamningum sem kemur til greiðslu í maí á næsta ári.

Hagstofan gerir ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 5,4% á þessu ári og um 12,9% árið 2023 en síðan muni hægja á vexti íbúðafjárfestingar sem verði á bilinu 3,5-5,3% á árunum 2024-2026. Samkvæmt þjóðhags- og verðbólguþróun Landsbankans er áætlað að íbúðaverð muni hækka um 22% að meðaltali á þessu ári sem skýrist af hækkunum sem þegar eru komnar fram. Samkvæmt spá bankans mun hægja á verðhækkun húsnæðis á næsta ári en samkvæmt henni mun íbúðaverð hækka

að meðaltali um 5% á árinu 2024 sem er afar hófstíllt í sögulegu samhengi. Talsverð óvissa ríkir einnig í alþjóðlegu efnahagslífi en ber þar helst að nefna framvindu stríðsins í Úkraínu og áhrif þess á hrávöruverð, verðbólgu í viðskiptalöndum Íslands og kaupmátt ferðamanna sem sækja Ísland heim.

## Innri forsendur fjárhagsáætlunar 2023

### Útsvar


Fjármálaráðuneytið áætlar hækkun tekjuskatts og útsvarsstofns árlega miðað við hækkun launavísitölu og áætlunar um vinnumagn. Á grundvelli áætlunar Fjármálaráðuneytisins hefur Hag- og upplýsingasvið Sambands ísl. sveitarfélaga tekið saman og birt staðgreiðsluáætlun fyrir hvert sveitarfélag fyrir árið 2023. Samkvæmt henni er áætlað að staðgreiðsla útsvars muni aukast um 7,7% á milli ára. Í staðgreiðsluáætlun er ekki gert ráð fyrir breyttri íbúasamsetningu einstakra sveitarfélaga, þ.e. hvorki fækkun né fjölgun útsvarsgreiðenda.

### Fasteignaskattur

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hækkar fasteignamat í Sveitarfélaginu um 18,6% milli ára 2022 og 2023. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 20% á árinu 2022 sem skýrist af hvort tveggja hækkun húsnæðisverðs og fjölgun eigna. Til að vega upp á móti hækkun fasteignamats lækkar heildarálagning fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði úr 1,14% í 1,095%.

### Jöfnunarsjóður

Á síðustu árum hafa tekjur Sveitarfélagsins frá Jöfnunarsjóði sveiflast talsvert og tekjujöfnunarframlög dregist saman að raungildi. Miðað við framlög á hvern íbúa, staðvirt með verðvísitölu samneyslu, hafa framlögin dregist saman um 43% frá árinu 2013. Á árinu 2022 er áætlað að framlag á hvern íbúa verði um 239 þúsund krónur.



## Framlög Jöfnunarsjóðs 2019-2023, að frátöldum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk og samþættingar þjónustu í þágu barna

m.kr.	2019	2020	2021	2022 - spá	2023 - áætl.
Tekjujöfnunarframlög	58,2	31,7	22,9	20,5	20,5
Úgjaldajöfnunarframlög	120,2	116,4	140,2	144,8	163,9
Grunnskólaframlag	98,9	102,0	101,1	101,0	118,3
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nem.	9,4	10,8	10,0	11,4	9,9
Framlög vegna ÍSAT nemenda	3,2	3,8	3,8	5,1	3,1
Fasteignaskattsframlög	35,6	31,2	35,2	46,2	56,1
Önnur framlög	0,0	0,0	7,5	6,0	0,0
<b>Samtals framlög</b>	<b>325,4</b>	<b>295,8</b>	<b>313,1</b>	<b>335,0</b>	<b>371,7</b>

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum frá Jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir að framlög hækki um 11% á milli árána 2022 og 2023 og muni nema 371,7 m.kr á árinu 2023 að frádregnum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk og samþættingar þjónustu í þágu barna. Að meðtöldum þeim framlögum sem renna beint til sameiginlegs þjónusturekstrar Sveitarfélagsins Voga og Suðurnesjabæjar er áætlað að framlög frá Jöfnunarsjóði muni nema um 440,2 m.kr á árinu 2023.

### Gjaldskrár

Almennt er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun, þ.e. að þjónustugjöld haldist óbreytt að raungildi á milli ára. Í lífsskjarasamningum sem gerðir voru árið 2019 var gert ráð fyrir að gjaldskrár sveitarfélaga hækkuðu ekki meira en nemur hækkun neysluverðsvísitölu á samningstímanum. Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að árshækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2022 verði 8,2%.

### Launakostnaður

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 þarf að gera ráð fyrir væntanlegum launahækkunum á næsta ári þegar gert er ráð fyrir að kjarasamningar verði gerðir. Áætlað er að heildarlaunakostnaður lækki að raungildi á milli ára og verði 900,3 m.kr árið 2023, borið saman við 890,2 m.kr samkvæmt áætlun árið 2022 sem samsvarar um 1,1% hækkun á milli ára.

### Annar rekstrarkostnaður

Stærstur hluti annars rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður, s.s. vegna orkukaupa, trygginga og ýmissa samninga. Til að tryggja að Sveitarfélagið geti staðið undir nauðsynlegri uppbyggingu, mætt nýjum áskorunum og verkefnum en jafnframt tryggt góða þjónustu til framtíðar gerir fjárhagsáætlun næsta árs ráð fyrir almennri hagræðingu í öllum málaflokkum. Við útfærslu hagræðingaraðgerða er lögð áhersla á að standa vörð grunnþjónustuna, m.a. starfsemi leik- og grunnskóla, hægja á eða takmarka nýráðningar eins og kostur er, bæta nýtingu húsnæðis og auka hagkvæmni í öllum innkaupum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður alls 705,9 m.kr á árinu 2023 samanboreð við 573,5 m.kr á árinu 2022. Meginskýringin á auknum rekstrarkostnaði liggur í breyttu rekstrarfyrirkomulagi íþróttamiðstöðvar en á vordögum 2022 var Ungmennafélaginu Þrótti falin rekstur hennar. Með breyttu rekstrarformi lækkar hinsvegar á móti beinn launakostnaður Sveitarfélagsins.



## Byggðasamlög og samstarfsverkefni

Sveitarfélagið Vogar á í fjölbreyttu samstarfi við nágrannasveitarfélögin m.a. um úrgangsmál og heilbrigðiseftirlit auk þess sem Sveitarfélagið á í beinu samstarfi við Suðurnesjabæ, þ.e. á sviði skóla- og velferðarmála. Framlög til sameiginlegra verkefna sveitarfélaga á Suðurnesjum eru öllu jöfnu ákvörðuð með tilliti til íbúafjölda og liggja nú þegar fyrir áætlanir sem færðar eru beint inn í fjárhagsáætlun næsta árs.

## Íbúafjölgun

Íbúar í Sveitarfélaginu Vogum eru nú um 1.390 talsins og hefur fjölgað um 2,6% frá ársbyrjun þegar íbúar voru 1.354 talsins. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 og fjögurra ára áætlun til ársins 2025 var gert ráð fyrir að íbúum myndi fjölga um rúm 11% á árinu 2022, þ.e. frá ársbyrjun 2022 til ársbyrjunar 2023 myndi íbúum fjölga um 150. Þó talsvert geti breyst á síðustu vikum ársins þar sem nokkuð er af nýjum íbúðum á sölu þá er ólíklegt að sú spá gangi eftir. Við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs er miðað við að íbúum fjölgi um 100 á árinu og verði 1500 í árslok. Yfir áætlunartímabilið í heild er gert ráð fyrir að íbúum Sveitarfélagsins munu fjölga um 29% og verði um 1800 talsins í lok árs 2026. Áætlanir eru endurskoðaðar árlega með tilliti til framvindu byggingaframkvæmda og fyrirbyggjandi raunstærða.

## Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun ársins 2023 auk áætlunar fyrir árin 2024-2026 er lögð fram samhliða rekstraráætlun en mikil uppbygging á sér stað í Sveitarfélaginu og er fyrirhuguð á næstu árum með tilheyrandi uppbyggingu innviða auk viðhaldsverkefna. Í áætlun næsta árs er lagt upp með að lágmarka tímabundið nýfjárfestingar, ljúka við fráveituframkvæmdir og brýn viðhaldsverkefni en frekari fjárfestingar í innviðum koma til framkvæmda síðar á áætlunartímabilinu. Þó verður unnið að því að undirbúa þau innviðaverkefni sem fyrirhugað er að ráðast í og áherslan lögð á þarfagreiningu og hönnun, m.a. í málefnum leik- og grunnskóla. Í heild eru fjárfestingar ársins 2023 áætlaðar 103,5 m.kr.

## Fjárfestingar 2023

<b>Framkvæmdaverkefni</b>	<b>2023</b>
Malbikun Keilisholt	13.000.000
Tenging fráveitu við Grænumborg	59.500.000
Deiliskipulag / Gatnagerð - ný hverfi	5.000.000
Seyrulosun fyrir tjaldsvæði	500.000
Hönnun og bygging nýs grunnskóla	5.000.000
Uppbygging íþróttamannvirkja	1.500.000
Uppbygging útivistar- og leiksvæða, "Betra Ísland"	5.000.000
Vogagerði 23 - gerð útivistastæðis	5.000.000
Lýsing göngustíga	4.000.000
Endurnýjun gatnalýsingar	5.000.000
<b>Samtals</b>	<b>103.500.000</b>

Samantekin reikningsskil og hlutdeild í félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Í tilviki Sveitarfélagsins Voga á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

- Brunavarnir Suðurnesja bs.
- Kalka Sorpeyðingarstöð sf.
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Áætlanir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir og því hafa áhrif þeirra ekki verið verið færð í fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlanir framangreindra rekstrareininga liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026.

## Umfjöllun um málaflokka og deildir

Í þessum hluta er fjallað um áætlanir einstakra málaflokka og deilda, tekjur og gjöld og helstu breytingar milli ára.

### 01 Skatttekjur

Samkvæmt tekjuáætlun fyrir árið 2023 er áætlað að skatttekjur ársins 2023 muni nema 1.564 m.kr sem jafngildir um 14,2% aukningu frá fyrra ári. Skatttekjurnar samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum úr Jöfnunarsjóði auk þess sem lóðarleiga er skilgreind sem tekjur með skattaígildi.

#### 0001 Útsvar

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga og er áætlað að hlutdeild þess í heildarskatttekjum ársins 2023 muni nema 991 m.kr og aukist um 11,2% milli ára. Útvarsstofnin tekur mið af atvinnutekjum þeirra íbúa sem eiga skráð lögheimili í Sveitarfélaginu og fjölda þeirra. Á hverju ári er gefin út staðgreiðsluáætlun útsvars fyrir komandi ár og byggir hún á mati væntri launaþróun og breytingum í vinnumagni. Samkvæmt áætlun fyrir næsta ára er gert ráð fyrir því að útvarsstofninn muni hækka um 7,7%. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir því að fjöldi íbúa í ársbyrjun verði 1.400 en 1.500 í árslok.

#### 0006 Fasteignaskattur

Álagning að frádreginni áætlaðri niðurfellingu (afsláttar) er áætluð 181,7 m.kr. á árinu 2023 borið saman við 146,6 m.kr á árinu 2022. Til að veða upp á móti hækkun fasteignamats lækka önnur fasteignagjöld, þ.e. gjöld vegna vatns- og fráveitu, þannig að heildarálagning fasteignagjalda lækkar á milli ára úr 1,14% í 1,095%.

#### 0010 Jöfnunarsjóður

Áætlanir Jöfnunarsjóðs liggja fyrir eins og fjallað er um í kafla um innri forsendur. Samkvæmt áætlun sjóðsins munu heildarframlög til Sveitarfélagsins að teknu tilliti til áætlaðarar hludeildar í framlagi Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk nema um 440,2 m.kr á árinu 2023 borið saman við 390,6 m.kr á árinu 2022.

#### 0035 Lóðarleiga

Miðað við óbreytt álagningarhlutfall lóðaleigu mun lóðarleiga skila 13 m.kr í tekjur á árinu 2023 borið saman við 10,9 m.kr á árinu 2022.

### 02 Félagsþjónusta

Heildaráætlun málaflokksins er 224 m.kr. á árinu 2023 sem er um 16,3% aukning á heildarkostnaði frá árinu 2022. Veigamikill hluti áætlunarinnar byggir á áætlun félagsþjónustu Suðurnesjabæjar en þeir rekstrarþættir sem Sveitarfélagið Vogar ber sjálfst ábyrgð á eru áætlaðir sérstaklega.

#### 0201 Fjölskyldu og velferðarnefnd

Hér er færður kostnaður vegna fulltrúa Sveitarfélagsins í Fjölskyldu- og velferðarnefnd.. Í áætlun ársins 2023 er heildarkostnaður vegna þessa liðar áætlaður kr. 270.000.

#### 0202 Skrifstofa félagsþjónustu

Hér er færð kostnaðarhlutdeild Sveitarfélagsins í rekstri skrifstofu félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga. Á árinu 2023 er áætlaður kostnaður 39,2 m.kr.

#### 02050 - Samþætting þjónustu í þágu barna

Hér eru færðar tekjur úr Jöfnunarsjóði vegna samþættingar þjónustu í þágu barna og kostnaðarhlutdeild Sveitarfélagsins í verkefninu sem unnið er í samstarfi við Suðurnesjabæ. Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnisins er áætlaður 6 m.kr á árinu 2023.

#### 0211 Fjárhagsaðstoð

Á árinu 2022 var áætlaður kostnaður vegna greiðslu fjárhagsaðstoðar 16,4 m.kr. Útkomuspá bendir hinsvegar til þess að kostnaðurinn verði talsvert lægri á árinu. Á árinu 2023 er heildarkostnaður vegna fjárhagsaðstoðar áætlaður 12,4 m.kr

#### 0215 Stuðningsþjónusta

Hér er færður kostnaður vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna. Á árinu 2023 er heildarkostnaður vegna þessarar þjónustu áætlaður 4. m.kr.

#### 0218 Húsaleigubætur

Á þessa deild er ætlað fyrir sérstökum húsaleigubótum, þ.e félagslegum húsnæðisbótum. Á árinu 2023 er áætlaður heildarkostnaður 4. m.kr. Sérstökum húsnæðisstuðningi er úthlutað í samræmi við samþykktar verklagsreglur þar að lútandi.

#### 02191 Fjölsmiðjan

Þessari deild tilheyra framlög til Fjölsmiðjunnar og hafa starfsmenn félagsþjónustunnar séð um að áætla fyrir þessum kostnaðarlið. Á árinu 2023 er heildarkostnaður áætlaður 5,5 m.kr.

#### 0233 Barnavernd - Fóstur utan heimilis

Hér er færður kostnaður sem fellur til vegna vistunar barna í fóstur utan heimilis. Erfitt getur verið að áætla fyrir þessum kostnaði sem er háður mikilli óvissu. Á árinu 2023 eru áætlaðar 8 m.kr á þessa deild.

#### 0234 Barnavernd - Úrræði á heimili

Undir þessa deild fellur ýmiss kostnaður sem tengist þjónustu barnaverndar við börn og fjölskyldur á heimili þeirra. Á árinu 2023 eru áætlaðar 2 m.kr á þessa deild.

#### 0234 Barnavernd – annað

Hér er færður kostnaður vegna ýmissa stuðningsúrræða í barnavernd. Áætlunin 2023 er 1,7 m.kr.

#### 0239 Önnur aðstoð vegna barna

Hér er færður kostnaður vegna veitts afsláttar af leikskólagjöldum, sbr. afsláttarreglur í gjaldskrá Sveitarfélagsins. Afslátturinn er annars vegar vegna lágra tekjuviðmiða, og hins vegar systkinaafsláttur. Áætlaður kostnaður á árinu 2023 er 2,7 m.kr.

#### 0241 Þjónustuhópur aldraðra og örorkulífeyrisþega

Hér er færður kostnaður Sveitarfélagsins vegna afsláttar fasteignaskatta til elli- og örorkulífeyrisþega, þar sem mið er tekið af tekjum. Hér er einnig áætlað fyrir hlutdeild í rekstri Selsins, dagdvöl fyrir aldraða. Árið 2023 eru áætlaðar 5 m.kr á þessa deild.

#### 0242 Tólmundastarf aldraðra

Hér færir allur kostnaður vegna félagsstarfs eldri borgara. Alls eru áætlaðar 51,2 m.kr. á þessa deild fyrir árið 2023 en þar af nemur innri leiga vegna Álfagerðis um 34 m.kr.

#### 02421 Heimaþjónusta aldraðra

Hér er færður kostnaður við veitta heimilisþjónustu til eldri borgara Sveitarfélagsins, skv. sérstökum reglum þar að lútandi. Á árinu 2023 eru áætlaðar 12 m.kr á þessa deild.

#### 0251 Skrifstofa v. málefna fatlaðra

Á árinu 2022 eru áætlaðar 3,3 m.kr á þessa deild. Þarna er færð kostnaðarhlutdeild Sveitarfélagsins í sameiginlegri skrifstofu sem rekin er með Suðurnesjabæ. Á árinu 2023 er heildarkostnaður áætlaður 3,4 m.kr.

#### 02511 Framlag jöfnunarsjóðs

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir fjármagni til félagsþjónustusvæða, til greiðslu kostnaðar vegna málefna fatlaðs fólks. Framlaginu er ætlað að koma til móts við þann kostnað sem fellur til við hin ýmsu úrræði sem í boði eru fyrir fólk með fötlun. Fyrir liggur áætlun um heildarframlagið sem áætlað er að muni verða 233,3 m.kr á árinu 2023 og er hlutur Voga áætlaður 62,5 m.kr.

#### 0252 Liðveisla v. fatlaðra

Fatlaðir einstaklingar njóta liðveislu og félagslegrar heimaþjónustu af ýmsu tagi, sem stýrt er af hálfu félagsþjónustunnar samkvæmt sérstökum verklagsreglum. Áætlun ársins 2023 er 16,3 m.kr

#### 0254 Ferðaþjónusta fatlaðra

Fatlaðir einstaklingar eiga rétt á akstursþjónustu, jafnt til hæfingar, endurhæfingar og menntunar. Um ferðaþjónustuna gilda sérstakar reglur sem félagsþjónustan vinnur eftir. Á árinu 2023 er heildarkostnaður áætlaður 17 m.kr.

#### 02551 Frekari liðveisla

Hér er um að ræða þjónustu sem grunnþjónusta (stuðningsþjónusta) nær ekki yfir, og byggir m.a. á fötlunarmati. Áætlun þessa liðar er 3,3 m.kr. á árinu 2023.

#### 02552 Vistunar- og þjónustusamningar

Þessi liður nær m.a. yfir NPA samninga sem gerðir eru við fólk með fötlun sem þarfnast mikils og viðvarandi stuðnings. Áætlun ársins er 42 m.kr.

#### 02562 Lækjamót

Lækjamót er búsetukjarni fyrir fatlað fólk með sólarhringsþjónustu. Á árinu 2023 er áætluð hlutdeild Voga í þessum rekstri 31 m.kr.

#### 02573 Heiðarholt

Heiðarholt er skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni. Á árinu 2023 er hlutdeild Sveitarfélagsins Voga í rekstri Heiðarholts áætluð 6,4 m.kr.

#### 02582 Hæfingarstöð

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild Sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2023 er 6 m.kr.

#### 02585 Björgin

Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja er endurhæfingarúrræði og athvarf fyrir fólk með geðheilsuvanda. Á árinu 2023 eru 2,9 m.kr áætlaðar á þessa deild.

#### 02588 Eftirskólaúrræði

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild Sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2023 er 3,5 m.kr.

#### 02596 Stuðningsfjölskyldur fatlaðra

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild Sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2023 er 400 þús. kr.

#### 0261 Forvarnir

Um er að ræða lítils háttar kostnaðarlið vegna sameiginlegs forvarnarteymis á starfssvæði félagsþjónustunnar. Áætlun 2023 er óbreytt frá fyrra ári, 100 þús. kr.

#### 0274 Orlofssjóður húsmæðra

Framlagið er lögbundið. Kostnaður ársins 2023 áætlaður 200 þús. kr.

## 04 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldimál eru stærsti málaflokkur Sveitarfélagsins með tilliti til heildarkostnaðar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 764,3 m.kr. og eykst um rúmlega 58 m.kr á milli ára. Rekstur grunnskóla og leikskóla eru stærstu einstöku kostnaðarliðirnir en undir málaflokkinn er einnig færður kostnaður vegna hlutdeildar í rekstri Skólaskrifstofu Suðurnesjabæjar, rekstur frístundaskóla, tónlistarskóla, skólaeldhúss o.fl.

### 0401 Skólaskrifstofa

Samstarf er við Skólaskrifstofu Suðurnesjabæjar um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Á árinu 2023 eru áætlaðar 19,2 m.kr á þessa deild.

### 04111 Leikskólinn Suðurvellir

Rekstur leikskólans er í jafnvægi milli ára, og byggir m.a. á forsendum í s.k. leikskólalíkani þar sem tekið er mið af fjölda barna, aldurssamsetningu o.fl. Á árinu 2023 er heildarkostnaður vegna leikskóla áætlaður 182,2 m.kr

### 0417 Dagvistun í heimahúsum

Hér er áætlað fyrir niðurgreiðslu þjónustu dagforeldra. Alls eru áætlaðar 600 þús. kr. á þessa deild á árinu 2023.

### 0420 Fræðslunefnd

Hér er áætlað fyrir nefndarlaunum fræðslunefndar. Áætlun ársins 2023 er 1,5 m.kr

### 04211 Stóru-Vogaskóla

Hér er áætlað fyrir rekstri grunnskólans sem jafnframt er stærsti gjaldapóstur Sveitarfélagsins . Á árinu 2023 er heildarkostnaður við rekstur skólans áætlaður 520,3 m.kr. Áætlunin byggir að stærstum hluta til á forsendum sem settar eru fram í sérstöku reiknilíkani grunnskóla sem innleitt var í framhaldi af rekstrarúttekt árið 2021. Á þessa deild eru einnig færð reiknuð afnot skólans af húsnæði í eigu Sveitarfélagsins auk annarra kostnaðarliða sem tengjast skólasterfinu. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir að laun muni hækka í samræmi við gildandi kjarasamninga en áfram verði unnið markvisst að því að auka skilvirkni í öllum rekstrarþáttum skólans.

### 0428 Frístundaskóli

Á þessa deild eru færður kostnaður og tekjur vegna rekstur frístundaskóla. Á árinu 2023 er heildarkostnaður áætlaður 6,3 m.kr.

### 0429 Annar grunnskólakostnaður

Undir þessum lið eru færðar tekjur sem Sveitarfélagið fær greitt með nemendum sem sækja skóla í Sveitarfélaginu en eiga ekki lögheimili hér. Að sama skapi eru hér einnig færð gjöld sem Sveitarfélagið

þarf að standa skil á vegna vistunar nemenda sem hér búa en sækja af einhverjum ástæðum skóla utan Sveitarfélagsins. Heildarkostnaður á árinu 2023 er 21,4 m.kr og byggir á fyrirbyggjandi gögnum um kostnað vegna skólagöngu barna í skólum utan lögheimilissveitarfélags.

#### 0451 Tónlistarskólar

Tónlistarskólinn er starfræktur innan veggja Stóru-Vogaskóla, en er færð sem sjálfstæð eining í bókhaldi Sveitarfélagsins. Áætlað er að heildarrekstrarkostnaður skólans lækki um rúmar 3 m.kr borið saman við áætlun síðasta árs og verði 12,4 m.kr. á árinu 2023

#### 04511 Tónlistarskóli

Hér er um að ræða niðurgreiðslu á tónlistarnámi utan lögheimilissveitarfélags, fyrir börn að 18 ára aldri sem sækja tónlistarnám í aðra tónlistarskóla.. Í áætlun 2023 er heildarkostnaður áætlaður 300 þús. kr.

#### 0481 Skólaeldhús

Skólaeldhúsið sér um matseld fyrir grunnskólanenmennur og hluta af starfsliði Sveitarfélagsins auk þess að sjá um matseld fyrir eldri borgara. Kostnaður er að stærstu leyti færður á grunnskólann og millifærðar tekjur. Þá eru færðar tekjur vegna matseldar fyrir eldri borgara. Talsverð hækkun er á kostnaði í áætlun fyrir árið 2023 borið saman við 2022 sem skýrist af verðhækkun aðfanga en launakostnaður lækkar á milli ára. Nettó kostnaður við rekstur skólaeldhússins er áætlaður 600 þús.kr.

## 05 Menningarmál

Undir þessum málaflokki er rekstur bókasafns, Tjarnarsals ásamt kostnaði við hátíðarhöld. Að auki falla undir þennan málaflokk styrkir vegna menningarstarfs af ýmsu tagi. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 38,7 m.kr. en lækkun á kostnaði milli ára skýrist einkum af breytingum sem gerðar hafa verið á gjaldfærslu reiknaðra afnota af húsnæði Tjarnarsalar sem í fyrri áætlun voru öll færð á málaflokkinn menningarmál en eru nú að stærstu leyti færð á fræðslu- og uppeldismál til samræmis við raunnýtingu húsnæðisins.

#### 0502 Menningarfulltrúi

Undir þessa deild er fær hlutdeild í launakostnaði forstöðumanns stjórnarsýslu sem jafnframt gegnir hlutverk menningarfulltrúa. Á árinu 2023 er áætlað að þessi kostnaður muni nema 5,8 m.kr.

#### 0521 Bókasafn

Heildarkostnaður við rekstur bókasafns er áætlaður 12,9 m.kr á árinu 2023 en stærsti kostnaðarliðurinn er launakostnaður. Í áætlun ársins er gerð krafa um hagræðingu í öðrum rekstrarkostnaði og lækkar áætlaður heildarkostnaður við rekstur safnsins milli ára.



#### 0561 Tjarnarsalur

Hér færast tekjur vegna útleigu ásamt rekstrarkostnaði Tjarnarsalar. Einnig færast hér reiknuð innri leiga. Heildarkostnaður að frádegnum reiknuðum afnotum er áætlaður 7,4 m.kr á árinu 2023. Í áætlun ársins er gert ráð fyrir kostnaði við endurnýjun hljóðkerfis.

#### 0571 Fjölskyldudagurinn

Undir þessa deild er færður kostnaður vegna Fjölskyldudagsins. Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2023 er 6,1 m.kr.

#### 0572 Þrettándaskemmtun og önnur hátíðarhöld

Hér eru færð útgjöld vegna annarra hátíðarhalda en Fjölskyldudags. Heildarkostnaður ársins 2023 er áætlaður 1,7 m.kr.

#### 0587 Kálfatjarnarkirkja

Hér er færður kostnaður vegna styrks Sveitarfélagsins vegna greiðslu hitunarkostnaðar í kirkjunni. Hér er einnig færð innri leiga vegna eldri húsa á svæðinu, alls áætlað 1,2 m.kr á árinu 2023.

#### 0588 Minjafélag

Hér eru færðir styrkir Minjafélagsins, bæði beinir fjárstyrkir og styrkir í formi niðurfellingar fasteignagjalda. Á árinu 2023 er heildar styrkveiting til félagsins áætluð 2 m.kr, þar af 1,5 m.kr vegna endurbóta á samkomuhúsinu Kirkjuhvoli á Vatnsleysuströnd.

#### 0589 Aðrir styrkir

Hér eru færðar aðrar styrkveitingar vegna menningartengdrar starfsemi. Á árinu 2023 er 1,5 m.kr áætlaðar á þessa deild.

### 06 Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þessum málaflokk er rekstur félagsmiðstöðvar íþróttamiðstöðvar, íþróttamannvirkja auk þess sem styrkir til félaga sem starfa á vettvangi málaflokksins eru færðir hér. Á árinu 2022 voru 168 m.kr áætlaðar í þennan málaflokk en rekstur hans hefur farið talsvert fram úr áætlun. Áætlaður heildarskostnaður málaflokksins árið 2023 er 188,4 m.kr eða sem nemur 12,7% hækkun frá árinu 2022.

#### 0601 Frístunda- og menningarnefnd

Kostnaður vegna launa og launatengda gjalda Frístunda- og menningarnefndar. Áætlun ársins er 1,5 m.kr.

#### 0605 Æskulýðs- og íþróttafulltrúi

Undir þennan lið fellur rekstrarkostnaður Íþrótt- og tómsfundafulltrúa, sem og launakostnaður félagsmiðstöðvar. Áætlun ársins er 14,2 m.kr.

#### 0627 Vinnuskóli

Áætlun Vinnuskólans tekur mið af fastákveðnu vinnuframlagi árganga sem eiga rétt á þátttöku. Heildarkostnaður ársins er áætlaður 25,5 m.kr.

#### 0631 Félagsmiðstöð

Hér er færður rekstrarkostnaður við félagsmiðstöð ungmenna (Boruna). Heildarkostnaður ársins er áætlaður 7 m.kr.

#### 06511 Íþróttamiðstöð

Hér er færður rekstur íþróttamiðstöðvar. Heildarkostnaður var áætlaður 72,4 m.kr á árinu 2022. Í ársbyrjun var gerður samningur við Ungmennafélagið Þrótt um umsjón með rekstri íþróttamiðstöðvarinnar. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs og verður árangur af breyttu fyrirkomulagi tekinn út í ársbyrjun og ákvörðun tekin um hvort framhald verður á breyttu rekstrarfyrirkomulagi m.a. með tilliti til þess hvort fyrirkomulagið samræmist fjárhagslegum markmiðum Sveitarfélagsins. Miðað við óbreyttan rekstur er heildarkostnaður Sveitarfélagsins vegna reksturs íþróttamiðstöðvar áætlaður 94,2 m.kr á árinu 2023 eða sem nemur 30% hækkun heildarkostnaðar á milli ára.

#### 0661 Íþróttasvæði

Undir þessum lið er rekstur knattspyrnuvallar. Á árinu 2022 var umsjón með vellinum í höndum Knattspyrnudeildar Þróttar en ekki liggur fyrir ákvörðun um fyrirkomulag árið 2023. Heildarkostnaður er áætlaður 13,8 m.kr á árinu 2023.

#### 0665 Reykjanesfólkvangur

Hér hefur verið færður kostnaður vegna aðildar að UNESCO Geopark og Reykjanesfólkvangi. Á árinu 2022 var þessi liður áætlaður 2,1 m.kr. Áætlun 2023 er óbreytt frá fyrra ári.

#### 0683 Golfklúbburinn

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir 6. m.kr styrk til Golfklúbbsins en í heild nema styrkir til klúbbsins um 6,8 m.kr á árinu. Í samræmi við markmið um almenna hagræðingu í rekstri Sveitarfélagsins er heildarstyrkur til Golfklúbbsins ákvarðaður 4,8 m.kr á árinu 2023.

#### 0684 Styrkir vegna æskulýðs- og íþróttamála

Hér er færður kostnaður vegna frístundastyrks barna og ungmenna sem var ákveðinn 38 þús. kr. á hvern einstakling 18 ára og yngri. Hér eru einnig færðir afreksstyrkir. Byggt á útkomuspá ársins 2022 er þessi liður áætlaður óbreyttur á milli ára eða 3 m.kr.

#### 0689 UMF þróttur

Á árinu 2022 var beinn styrkur til barna og ungmennastarfs UMFÞ 6,85 m.kr. Styrkur til meistaraflokks karla í knattspyrnu var 9 m.kr. og hækkaði nokkuð á milli ára þar sem liðið var komið í næst efstu deild og því gert ráð fyrir hærri rekstrarkostnaði. Auk þess samþykkti bæjarstjórn að veita félaginu sérstakan styrk að fjárhæð 1,5 m.kr til undirbúnings að stofnun rafíþróttadeildar og til kaupa á nýrri sláttuvél. Í samræmi við markmið um almenna hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins er heildarstyrkur til UMFÞ ákvarðaður 14,25 m.kr en styrkur vegna barna- og ungmennastarfs aðalstjórnar UMFÞ helst óbreyttur frá fyrra ári að viðbættum 500 þús. kr. viðbótarstyrk til kaupa á búnaði fyrir nýja rafíþróttadeild. Heildaráætlun er 22,2 m.kr., eftir að tekið hefur verið tillit til innri leigu og reiknaðra afnota.

### 07 Brunamál og almannavarnir

Hér er færður kostnaður við brunavarnir, almannavarnir og starfsemi björgunarsveitar. Málaflokkurinn í heild sinni er áætlaður 33,3 m.kr. á árinu 2023.

#### 0724 Brunavarnir

Áætlun BS hefur verið afgreidd af stjórn BS og liggur fyrir. Rekstrarframlag Sveitarfélagsins er áætlað 30,5 m.kr á árinu 2023.

#### 0740 Almennavarnir

Áætlun Almennavarnarnefndar liggur fyrir og hefur verið samþykkt af stjórn Almennavarnarnefndar. Framlag Sveitarfélagsins er 270 þús.kr.

#### 0789 Björgunarsveitin Skyggir

Styrkfjárhæð milli ára er óbreytt, 2,5 m.kr.

### 08 Hreinlætismál

Undir þessum lið eru færðar tekjur og gjöld sorpmála, sem og framlag Sveitarfélagsins til reksturs heilbrigðiseftirlits. Rekstur málaflokksins í heild sinni er áætlaður 5,3 m.kr. árið 2023.

#### 0821 Sorphreinsun og gámastöðvar

Sorphirðugjöld og sorpeyðingargjöld eru færð til tekna undir þessum málaflokk. Miðað við tillögu að gjaldskrá 2023 er heildarálagning þessara gjalda 32,6 m.kr á árinu 2023 sem samsvarar hlutdeild sveitarfélagsins í rekstri Kölku, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja árið 2023. Kalka hefur umsjón með allri sorphirðu heimila í Sveitarfélaginu, ásamt því að annast sorpeyðingu (einkum brennslu). Fjárhæðir vegna sorphirðu og sorpeyðingar eru ákvarðaðar af stjórn Kölku, og tekur fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins mið af því

#### 0851 Heilbrigðiseftirlit

Áætlun HES er ákvörðuð af fjárhagsnefnd og stjórn SSS. Hlutdeild Sveitarfélagsins í rekstri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja árið 2023 ásamt árlegu heilbrigðiseftirlitsgjaldi er áætluð 3,6 m.kr.

### 09 Skipulags- og byggingarmál

Rekstur málaflokksins er að uppistöðu starfsemi embættis Skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins. Heildarkostnaður við málaflokkinn er áætlaður 37,6 m.kr á árinu 2023.

#### 0950 Skipulagsnefnd

Laun og launatengd gjöld Skipulagsnefndar eru áætluð 2 m.kr á árinu 2023.

#### 0950 Byggingafulltrúi

Áætlunin nær yfir rekstur embættis Skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins. Í áætluninni er gert ráð fyrir stöðugildi aðstoðarmanns byggingafulltrúa en fjöldi og umfang verkefna hefur aukist mjög að undanfögnu eins og fyrirbyggjandi gögn um fjölda útgefinna byggingarleyfa og framkvæmdra úttekta bera með sér. Áætlun þessa liðar er 27,6 m.kr

#### 0951 Lóðir og endur

Hér eru fasteignagjöld af ýmsum fasteignum Sveitarfélagsins færð til gjalda. Liðurinn er áætlaður 8 m.kr. á árinu 2023.

### 10 Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málaflokk fellur kostnaður vegna atriða er lúta að götum, skiltum, lýsingu, snjómokstri og almenningssamgöngum. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 41. m.kr á árinu 2023.

#### 1031 Viðhald gatna

Heildaráætlun þessa liðar er 32,9 m.kr. en uppistaðan í þessum lið eru reiknuð afnot sem tekjufærast á eignasjóð.

#### 1053 Skilti og umferðamerking

Hér er færður kostnaður við endurnýjun og viðhald umferðaskilta og merkinga. Liðurinn er áætlaður 900 þús.kr á árinu 2023.

#### 1059 Götulýsing

Hér er færður kostnaður vegna götulýsingar, rafmagni til lýsingar ásamt viðhaldi og öðrum rekstrarkostnaði. Liðurinn er áætlaður 8 m.kr. á árinu 2023.

#### 1061 Snjómokstur

Áætlunin er reiknaður liður sem tekjufærisk á þjónustumiðstöð, 3 m.kr. Er óbreyttur á milli ára.

#### 1071 Almenningsangöngur

Sveitarfélagið sinnir akstri Vogastrætó fyrir Vegagerðina, og fær tekjur af því. Á móti kemur rekstur bíls og annar tilfallandi kostnaður. Gert er ráð fyrir tekjuafgangi af þessum lið, 3,7 m.kr. á árinu 2023.

### 11 Umhverfismál

Undir þennan málaflokk fellur starfsemi þjónustumiðstöðvar Sveitarfélagsins, rekstur og hirðing opinna svæða ásamt kostnaði við jólaskeytingar o.fl. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur málaflokksins kosti 80,4 m.kr. á árinu 2023.

#### 1101 Umhverfisnefnd

Hér er færður kostnaður vegna Umhverfisnefndar, laun og launatengd gjöld. Áætlun ársins er 1,5 m.kr.

#### 1102 Umhverfismál/þjónustudeild

Rekstur Umhverfisdeildar nær nú yfir allan fasteignarekstur sveitarfélagsins, sem og umsjón með umhverfismálum, opnum svæðum o.s.frv. Starfsmenn deildarinnar sinna jafnframt akstri skólabíls og Vogastrætó. Áætlun ársins gerir ráð fyrir að kostnaður við rekstur deildarinnar árið 2023 verði 68,6 m.kr.

#### 1132 Tjaldsvæði

Lítils háttar kostnaður er færður hér, en tjaldsvæðið er nú leigt til utanaðkomandi rekstraraðila. Til stendur að yfirfara þennan rekstrarlið og skilgreina m.a. reiknuð afnot og annan kostnað með skýrari hætti en gert hefur verið þannig að raunkostnaður Sveitarfélagsins við rekstur tjaldstæðisins sé betur aðgreindur í bókhaldi og reikningsskilum.

#### 1142 Sláttur og hirðing opinna svæða

Heildaráætlun þessa liðar er 5,6 m.kr árið 2023.

#### 1161 Jól og áramót

Hér er gert ráð fyrir endurnýjun og viðhaldi jólaskeytinga sem og kaup á nýjum skreytingum. Heildaráætlun er 3,2 m.kr. árið 2023, óbreytt frá fyrra ári.

#### 1171 Refa- og minkaeyðing

Áætlun er 350 þús.kr. sem verður einkum varið í að ráðast gegn fjölgun minka á Vatnsleysuströnd. Óbreytt frá fyrra ári.

## 13 Atvinnumál

### 1324 Búfjárhald

Hér er áætlað 250 þús.kr. vegna styrks til viðhalds girðingar í sameiginlegu beitarhólfi í Grindavík. Óbreytt frá fyrra ári.

## 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

### 2010 Hafnarsjóður

Rekstur Vogahafnar stendur ekki undir sér, því þarf til að koma framlag úr bæjarsjóði til að standa undir hallarekstrinum. Framlag úr bæjarsjóði er áætlað 5,6 m.kr. á árinu 2023, óbreytt frá fyrra ári.

## 21 Sameiginlegur kostnaður

### 21011 Sveitarstjórn

Rekstur sveitarstjórnar er í jafnvægi milli ára. Kostnaður við sveitarstjórn árið 2023 er áætlaður 29,2 m.kr. miðað við að laun kjörinna fulltrúa hækki í samræmi við launaþróun starfsmanna Sveitarfélagsins.

### 2107 Endurskoðun

Áætlunin er samkvæmt gildandi samningi um endurskoðun Sveitarfélagsins. Áætlun ársins 2023 er 5,8 m.kr.

### 2140 Bæjarskrifstofa

Heildaráætlun bæjarskrifstofu árið 2023 er 130,1 m.kr. og innifelur m.a. laun og launatengd gjöld, aðkeypta sérfræðipjónustu ýmiss konar o.s.frv. Launakostnaður stendur nokkurn veginn í stað á milli ára og lækkar að raungildi ef tekið er mið af áætlaðri launaþróun.

### 2151 Risna og gjafir

Ýmislegt tilfallandi færast undir þennan lið, tækifærisgjafir o.þ.h.. Áætlun ársins 2023 er óbreytt frá fyrra ári, 256 þús.kr.

### 2153 Kynning sveitarfélagsins

Hér er færður kostnaður vegna kynningarstarfs Sveitarfélagsins. Er áætlað 2. m.kr á árinu 2023, óbreytt frá fyrra ári.

### 2159 Árshátíð

Framlag til þessa liðar er áætlað 2,5 m.kr.

#### 2160 Starfsmannakostnaður

Hér er gert ráð fyrir ýmiss konar aðkeyptri þjónustu, m.a. sérfræðiþjónustu og ráðgjöf á sviði mannauðsmála. Þá er einnig gert ráð fyrir varasjóði vegna óvæntra útgjalda (t.a.m. langtímaveikindum starfsfólks) undir þessum lið. Áætlun ársins er 25,5 m.k, óbreytt frá fyrra ári.

#### 2171 Samtök sveitarfélaga

Annars vegar er um að ræða kostnað við nefndarlaun fulltrúa Sveitarfélagsins í stjórn SSS og hinsvegar áætlun um rekstur SSS og þátttöku Sveitarfélagsins í honum. Áætlun ársins er 4,7 m.kr.

## 22 Lífeyrisskuldbinding

#### 2210 Áfallin lífeyrisskuldbinding

Um er að ræða reiknaðan lið, sem ekki hefur áhrif á sjóðstreymi. Var þessi liður áætlaður 6,1 m.kr á árinu 2022 en stefnir í að verða umtalsvert hærri. Á árinu 2023 eru áætlaðar 24,6 m.kr á þennan lið.

## 28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áætlun þessara liða tekur alla jafna mið af áætluðu vaxtastigi og verðbólguþróun. Miðað við forsendur um fjárfestingar og hallarekstur, og þau áhrif sem þessir þættir hafa á lánsfjárbörfina er málaflokkurinn í heild áætlaður 63,5 .m.kr.

#### 2801 Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum

Hér færast m.a. vaxtatekjur af innheimtukröfum Sveitarfélagsins.

#### 2802 Tekjur af eignahlutum

Hér eru færðar tekjur af eignarhlutum Sveitarfélagsins m.a. í eigin fyrirtækjum. Ekki er gert ráð fyrir neinni slíkri tekjufærslu á árinu 2023.

#### 2803 Vaxta- og verðbótatekjur af langtímaskuldum

Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum undir þessum lið á árinu 2023.

#### 2811 Vaxta- og verðbótatekjur af skammtímaskuldum

Sveitarfélagið þarf alla jafna ekki að fjármagna reksturinn með skammtímalánum, en komi það til færast þau útgjöld undir þennan lið.

#### 2813 Vaxta- og verðbóttagjöld af langtímaskuldum

Undir þessum lið er uppistaða málaflokksins, en hér færast vextir og verðbætur af langtímaskuldum sveitarfélagsins. Þessi útgjöld hafa aukist umtalsvert á síðustu mánuðum og misserum, einkum vegna aukinnar verðbólgu auk þess sem meðalvextir af langtímaskuldum Sveitarfélagsins hafa hækkað. Tekin voru ný lán árið 2022 en ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2023.

## 31 Eignasjóður

Rekstur fasteigna eru færðar undir eignasjóði, þ.e.reiknaðar leigutekjur sem gjaldfærðar eru á viðkomandi stofnun, en á móti kemur rekstrarkostnaður fasteigna, svo sem fasteignagjöld, tryggingar ásamt viðhaldskostnaði, jafnt fasteigna sem lóða. Tekjuafgangur eignasjóðs árið 2023 er áætlaður 94,1 m.kr.

### 31101 Stóru-Vogaskóli

Fjárveiting til viðhaldsverkefna er 10,9 m.kr. Rekstur húsakosts skólans með reiknaðri innri leigu skilar eignarjóði 53,4 m.kr. í tekjuafgang.

### 31151 Leikskólinn Suðurvellir

Fjárveiting til viðhaldsverkefna er 5,7 m.kr. Tekjuafgangur eignasjóðs vegna reksturs fasteigna leikskólans er 11,3 m.kr.

### 31152 Stóru-Vogaskóli, Riddaragarður

Innifalið í áætlun grunnskólans. Tekjuafgangur eignasjóðs er 3,2 m.kr.

### 31201 Íþróttamiðstöð

Fjárveiting til fasteignaviðhalds er 6,6 m.kr. Tekjuafgangur eignasjóðs af rekstri íþróttamannvirkja er 24,5 m.kr.

### 31301 Skrifstofa lóndal 2

Áætlun um viðhald fasteignarinnar er 2,8 m.kr. Tekjuafgangur eignasjóðs er 3,6 m.kr

### 31380 Búmenn, þjónusturými

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna. Tekjuafgangur eignasjóðs er 35,3 m.kr.

### 31381 Búmenn, íbúð 106

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna. Tekjuafgangur eignasjóðs er 1,1 m.kr

### 31382 Búmenn, íbúð 107

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna. Tekjuafgangur eignasjóðs er 1,1 m.kr

### 3150 Gatnakerfi

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna, en gert er ráð fyrir endurnýjun gatna í framkvæmdaáætlun. Tekjuafgangur eignasjóðs vegna reiknaðra afnota er 34,4 m.kr.



#### 31571 Aragerði 4

Fasteignaviðhald er áætlað 0,1 m.kr. Gjöld eignasjóðs eru samtals 0,3 m.kr

#### 31572 Aðrar fasteignir

Hér undir er rekstur annarra fasteigna Sveitarfélagsins, þar sem gert er ráð fyrir 1 m.kr. í viðhaldsverkefni. Gjöld eignasjóðs alls eru áætluð 1,1 m.kr.

#### 31590 Aðrar fjárfestingar

Undir þennan lið eru færðar tekjur vegna reiknaðra afnota af ýmsum fjárfestingum sem ekki tengjast fasteignum beint, og er tekjuafgangur eignasjóðs áætlaður 1 m.kr.

#### 3178 Áhöld og búnaður

Einungis reiknaður liður, reiknaður tekjuafgangur eignasjóðs er 3,9 m.kr.

#### 3180 Sameiginlegur kostnaður

Einungis reiknaður liður, einkum afskriftir, sem hafa verið uppfærðar m.v. áætlaðar fjárfestingar ársins. Afskriftir eru alls áætlaðar 48,6 m.kr.

#### 31913 Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum

Hér færast vextir og verðbætur vegna þeirra langtímalána sem tekin hafa verið til fjárfestingar í fasteignum. Áætlun ársins vegna þessa þáttar er 26,1 m.kr.

### 41 Hafnarsjóður

Rekstur hafnarsjóðs er hefðbundinn milli ára, lítið umfang er á rekstrinum og tekjur því litlar. Bæjarsjóður greiðir framlag til rekstursins að fjárhæð 5,6 m.kr.

### 43 Vatnsveita

Sveitarfélagið á og starfrækir dreifikerfi neysluvatns, rekstur þess færir undir þennan lið.

#### 4301 Selt vatn

Vatnsskattur tekur mið af gjaldskrá sveitarfélagsins hvað varðar álagningu vatnsgjalds. Áætlun um sölu vatns til fyrirtækja eftir mæli tekur mið af verðlagsbreytingum milli ára. Heildartekjur af seldu vatni árið 2023 eru áætlaðar 22,0 m.kr.

#### 4312 Stofnæðar og dælur

Uppistaðan í kostnaði þessa liðar er keypt vatn af HS Veitum. Að öðru leyti er um hefðbundin rekstur og viðhald vatnsveitunnar að ræða. Áætlun ársins er 21,8 m.kr

## 61 Fráveita

Sveitarfélagið starfrækir fráveitukerfi í þéttbýlinu í Vogum. Rekstur þess færir undir þennan lið.

### 6101 Fráveita

Rekstur fráveitukerfisins milli ára er áþekkur, tekjur taka mið af álögðu fráveitugjaldi samkvæmt gjaldskrá. Álögð fráveitugjöld árið 2023 eru áætluð 21,8 m.kr.

### 6111 Fráveitukerfi

Hér eru afskriftir fráveitukerfisins áætlaðar, samtals 10 m.kr. á árinu 2023.

## Þriggja ára áætlun 2024 – 2026


Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2024, 2025 og 2026. Við gerð þriggja ára áætlunar eru skilgreindar ákveðnar lykilforsendur, m.a. um væntanlega íbúapróun og hlutfallslega aukningu á rekstrarumfangi, enda helst umfang reksturs í meginatriðum í hendur við fjölda íbúa og þarfir þeirra fyrir þjónustu. Í áætluninni er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 100 á ári eða um 6,3% að meðaltali á ári og verði um 1800 talsins í lok áætlunartímabilsins. Þá er einnig gert ráð fyrir auknum fjárfestingum í mikilvægum innviðum samhliða auknum íbúafjölda, m.a. viðbyggingu við leik- og grunnskóla.

### Fjárfestingar 2024 – 2026

Framkvæmdaverkefni	Þriggja ára áætlun 2024 - 2026		
	2024	2025	2026
Nýtt vatnsból sveitarfélagsins		150.000.000	
Tenging fráveitu við Grænuþing			90.000.000
Deiliskipulag / Gatnagerð - ný hverfi	50.000.000	50.000.000	50.000.000
Göngu- og hjólastígur	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Hönnun og bygging nýs grunnskóla	50.000.000	250.000.000	250.000.000
Færanleg kennslustofa við leikskóla	45.000.000	47.600.000	
Endurnýjun gatna	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Uppbygging íþróttamannvirkja	20.000.000	50.000.000	50.000.000
Uppbygging útivistar- og leiksvæða, "Betra Ísland"	5.000.000	5.000.000	5.000.000
<b>Samtals</b>	<b>210.000.000</b>	<b>592.600.000</b>	<b>485.000.000</b>


Með auknum íbúafjölda er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins aukist. Rekstrartekjur Sveitarfélagsins samanstanda af útsvarstekjum, fasteignasköttum, lóðaleigu, framlögum Jöfnunarsjóðs, þjónustutekjum og öðrum tekjum. Þýðingarmesti tekjustofn bæjarsjóðs eru útsvarstekjur. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars, 14,52%.

### Bróun rekstrartekna




Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að með auknum íbúafjölda aukist hagkvæmni í rekstri Sveitarfélagsins en rekstrargjöld aukist þó með eðlilegum hætti í samræmi verðlagsþróun og auknið rekstarumfang, m.a. fjölgun í starfslíði Sveitarfélagsins. Áætlað er að starfsfólki fjölgi um 6% að meðaltali á ári á áætlunartímabilinu.

### Þróun rekstrargjalda




Framlegðarhlutfall segir til um getu reksturs til að standa undir afborgunum lána, nýframkvæmdum og öðrum eignabreytingum. Samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2022 hefur framlegðarhlutfallið batnað talsvert frá fyrra ári og gerir áætlun til næstu ára ráð fyrir það verði nálægt lágmarksviðmiði á árunum 2023-2026.

### Framlegðarhlutfall



Veltufé frá rekstri er annar mikilvægur mælikvarði á getu Sveitarfélagsins til að standa undir afborgunum lána og nýframkvæmdum. Veltufé frá rekstri er fundið með því að draga reiknaða liði frá rekstrarniðurstöðu ár hvert, og á þann hátt greina þá fjárhæð sem reksturinn leggur til fjárhagslega. Veltufé frá rekstri þarf að vera tiltekið lágmark miðað við skuldaviðmið (skuldahlutfall) hverju sinni. Samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2022 næst þetta jafnvægi á fyrri hluta næsta árs og gangi áætlanir eftir verður veltufé frá rekstri talsvert yfir settu viðmiði á áætlunartímabilinu.

### Veltufé frá rekstri



## Lokaorð

Rekstur Sveitarfélagsins Voga hefur verið þungur síðustu ár og þrátt fyrir að ráðist hafi verið í markvissar aðgerðir til að rétta hann af gerir áætlun næsta árs ráð fyrir að áfram verði halli á rekstrinum. Viðvarandi hallarekstur getur hinsvegar ekki viðgengist til lengdar og gera áætlanir ráð fyrir að áfram verði unnið markvisst að því að rétta hann af, treysta undirstöðurnar, auka skilvirkni í rekstri og skapa grundvöll til nauðsynlegrar uppbyggingar. Til þess þarf samstillt átak allra hluteigandi en um verkefnið ríkir breið og góð samstaða innan bæjarstjórnar.

Gangi áætlanir eftir og forsendur, m.a. um íbúabróun, er ljóst að verkefni framundan verða bæði stór og krefjandi. Á hinn bóginn fylgja vexti Sveitarfélagsins einnig ný tækifæri, aukin stærðarhagkvæmni og vonandi aukinn styrkur til að takast á við sífelld auknar kröfur, m.a. fjölbreytta og góða þjónustu, sem og vandaða og skilvirka stjórnsýslu. Að öllu samanlögðu er full ástæða til að horfa björtum augum fram á veginn í Sveitarfélaginu Vogum.

Sveitarfélaginu Vogum, 14. desember 2022

Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri